



Kortavelta í verslun innanlands dregst áfram saman í janúar

Árið 2018 jókst innlend greiðslukortavelta í verslun um alls 3,0% milli ára, mælt á föstu verðlagi. Þetta er minnsti vöxtur greiðslukortaveltu milli ára frá árinu 2013, en þá jókst veltan um 0,6%. Kortavelta í verslun er góður mælikvarði á einkaneyslu ársins og hefur verið töluverð fylgni milli breytinga í kortaveltu og einkaneyslu undanfarin ár.

Hagstofa Íslands birtir tölur um einkaneyslu ársins 2018, ásamt þjóðhagsreikningum, þann 1. mars næstkomandi. Ef sambandið milli einkaneyslu og kortaveltu í verslun heldur má búast við því að sá kraftur sem hefur verið í einkaneyslu undanfarin ár sé að hjaðna verulega. Spá Hagfræðideildar frá því í nóvember gerir ráð fyrir 4,3% vexti einkaneyslu árið 2018, samanborið við 7,9% vöxt árið 2017. Horft fram á við gerum við ráð fyrir ríflega 3% aukningu einkaneyslu á yfirstandandi ári.


Einkaneysla er einnig stærsti undirliður landsframleiðslunnar og því hafa breytingar í einkaneyslu veruleg áhrif á heildarhagvöxt í hagkerfinu.

Áframhaldandi samdráttur í kortaveltu í byrjun árs

Seðlabankinn birti tölur um greiðslukortaveltu í janúar fimmtudaginn 14. janúar. Samkvæmt þeim tölum dróst kortavelta í verslun innanlands saman um 4,9% milli ára, mælt á föstu verðlagi. Þetta er þriðji mánuðurinn í röð sem kortavelta í verslun innanlands dregst saman og þarf að fara aftur til áramóta 2012 / 2013 til að finna svipaða þróun. Kortavelta í heild, þ.e.a.s. velta innlendra korta innanlands og utan, dróst saman um 0,4% milli ára í janúar. Það er í fyrsta sinn síðan í júní 2013 sem samdráttur er í heildar kortaveltu landsmanna.


Annað sem vekur athygli er magn samdráttarins, en 4,9% samdráttur er mesti samdráttur í þessum lið frá febrúar 2013. Erfitt er að segja til með mikilli vissu um ástæður þessa samdráttar. Þó má leiða líkur að því að samdráttinn megi rekja til óvissu um

Breyting kortaveltu og einkaneyslu



Velta í verslun innanlands á föstu verðlagi.
Einkaneysla 2018 er 1-3F ársins
Heimild: Hagstofa Íslands

Heildar kortavelta og einkaneysla eftir ársfjórðungum



Greiðslukortavelta í verslun innanlands á föstu verðlagi. Velta erlendis á föstu gengi. F1 2019 er eingöngu janúar
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands



ástandið á vinnumarkaði um þessar mundir. Tveir þættir spila þar rullu: Í fyrsta lagi hefur opinber umræða frá því í haust bent til þess að yfirvofandi gætu verið meiri átök á vinnumarkaði en sést hafa um áratuga skeið. Slíkt ástand líkt og önnur óvissa virkar almennt neyslulettandi á heimilin. Í öðru lagi hefur atvinnuleysi verið á uppleið undanfarna mánuði. Atvinnuleysið var 2,3% í september síðastliðnum, samkvæmt tölum Vinnuálastofnunar, en hefur farið vaxandi og mælist nú 3,0% í janúar. Aukið atvinnuleysi hefur eins og gefur að skilja neikvæð áhrif á neyslugetu heimilanna.

Ferðagleði og erlend neysla í hámarki

Kortavelta Íslendinga erlendis jókst um 27,3% í janúar. Þrátt fyrir mikla aukningu er þetta heldur minni vöxtur en undanfarna tvo mánuði þegar aukningin milli ára mældist í kringum 38%.


Samkvæmt talningu Ferðamálastofu fjölgaði ferðum Íslendinga út fyrir landsteinana um 3,9% milli ára í janúar og um 9,5% í desember. Þeim fækkaði hins vegar um 0,9% í nóvember. Ekkert lát er því enn á ferða- og neyslugleði landans til útlanda þrátt fyrir að blikur séu á lofti. Það má þó benda á að utanlandsferðir eru oft skipulagðar nokkra mánuði fram í tímann og því getur verið töf á að óvissa vegna kjarasamninga hafi áhrif á ferðalög. Erend netverslun Íslendinga er einnig inni í kortaveltutölunum og er greinilegt að vaxandi hluti verslunar hefur verið að færast út fyrir landsteinana síðustu misseri.

Þrátt fyrir mikinn vöxt í kortaveltu Íslendinga erlendis er kortaveltujöfnuðurinn, sem mælir mismuninn á kortaveltu Íslendinga erlendis og kortaveltu útlendinga hérlendis, jákvæður í janúar en var lítillega neikvæður í desember og nóvember.

Kortavelta ferðamanna eykst þrátt fyrir færri ferðamenn


Erlendum ferðamönnum fækkaði um 5,8% í janúar miðað við fyrra ár samkvæmt talningu Ferðamálastofu. Þrátt fyrir fækkun ferðamanna jókst erlend kortavelta hérlendis í mánuðinum. Erend kortavelta hefur þá aukist meira en sem nemur breytingu í fjölda ferðamanna undanfarna þrjú mánuði. Spá ISAVIA gerir nú ráð fyrir 2,4% fækkun ferðamanna á árinu 2019 í heild. Aukin

Innlend og erlend kortavelta Íslendinga




Greiðslukortavelta í verslun innanlands á föstu verðlagi. Velta erlendis á föstu gengi.
Heimild: Seðlabanki Íslands, Hagstofa Íslands

Greiðslukortajöfnuður



Heimild: Seðlabanki Íslands

Erlendir ferðamenn og kortavelta



Fast gengi
Heimild: Seðlabanki Íslands, Ferðamálastofa



erlend kortavelta þrátt fyrir fækkun ferðamanna
væri sérlega góð niðurstaða fyrir íslenska
ferðaþjónustu, en mikið hefur verið rætt um
mikilvægi þess að fá hingað til lands ferðamenn sem
eru tilbúnir að neyta meira.

Innihald og form skjals þessa er unnið af starfsmönnum Hagfræðideildar Landsbankans hf. (hagfraedideild@landsbankinn.is) og byggist á aðgengilegum opinberum upplýsingum á þeim tíma sem greiningin var unnin. Mat á þeim upplýsingum endurspeglar skoðanir starfsmanna Hagfræðideildar Landsbankans á þeim degi þegar greiningin er dagsett, en þær geta breyst án fyrirvara.

Landsbankinn hf. og starfsfólk hans taka ekki ábyrgð á viðskiptum sem byggð eru á þeim upplýsingum og skoðunum sem hér eru settar fram, enda eru þær ekki veittar sem persónuleg ráðgjöf fyrir einstök viðskipti.

Bent skal á að Landsbankinn hf. getur á hverjum tíma haft beinna eða óbeinna hagsmuna að gæta, ýmist sjálfur, dótturfélög hans eða fyrir hönd viðskiptamanna, s.s. sem fjárfestir, lánardrottinn eða þjónustuaðili. Greiningar eru engu að síður unnar sjálfstætt af Hagfræðideild Landsbankans og innan Landsbankans eru í gildi reglur um aðskilnað starfssviða sem eru aðgengilegar á vef bankans.